

Afgreiðslufundur

Ár 2025 fimmtudaginn 9. janúar, kl. 09:00 var haldinn 1812. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn D-2020 ehf., kt. 481020-0850, dags. 15. október 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; kaffihús og mötuneyti (Ýmir veitingar) að Arngrímsgötu 5, F2327912, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Pennans ehf., kt. 560109-0670, dags. 30. ágúst 2024, um starfsleyfi fyrir matvöruverslun með forpökkuð matvæli (Islandia) að Bankastræti 2, F2004323, rými 02 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Pennans ehf., kt. 560109-0670, dags. 30. ágúst 2024, um starfsleyfi fyrir matvöruverslun með forpökkuð matvæli (The Viking) að Hafnarstræti 5, F2002584, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Pennans ehf., kt. 560109-0670, dags. 30. ágúst 2024, um starfsleyfi fyrir matvöruverslun með forpökkuð matvæli (The Viking) að Skólavörðustíg 25A, F2006443, rými 02 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar-eignasjóðs, kt. 570480-0149, dags. 16. desember 2024, um skráningu á niðurrif á húsnæði við Heimahvamm við Vatnsveituveg, F2044140, rými 010101, 020101, 700101, sbr. samþykta byggingarleyfisumsókn nr. USK24090241. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.
- Lögð fram umsókn Orkunnar IS ehf., kt. 680319-0730, dags. 6. desember 2024, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir bensínstöð (Orkan) við Lambhagaveg 12, F2328257, rými 01 0102. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir bensínstöðvar*.

7. Lögð fram umsókn Gallon ehf., kt. 630921-2280, dags. 8. nóvember 2024, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir eldsneytisafgreiðslu og tilheyrandi eldsneytisgeyma að Þorragötu 12b, F2029260, rými 15 0101, Þorragötu 12c, F2029261, rými 16 0101 og Þorragötu 12d, F2347818, rými 13 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi* og *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir bensínstöðvar*.
8. Lögð fram umsókn N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 20. nóvember 2024, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir eldsneytisafgreiðslu ásamt tilheyrandi eldsneytisgeymi að Nauthólsvegi 68A, F2348140, rými 18 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi* og *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir bensínstöðvar*.
9. Lögð fram umsókn Skeljungs ehf., kt. 630921-2010, dags. 8. nóvember 2024, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir eldsneytisafgreiðslu og tilheyrandi eldsneytisgeyma að Þorragötu 22 og Nauthólsvegi 58F, Reykjavíkurflugvelli. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi* og *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir bensínstöðvar*.

Fundi slitið kl. 09:50

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson